

# Blý í ódýru skarti

## Efnaeftirlit á áætlun 2020

Dagsetning	22. desember 2020
Fyrirtæki	V.M. ehf.
Heimilisfang	Gilsbúð 5, 210 Garðabær
Kennitala	650478-0539
Starfsemi	Fataverslanir
Eftirlitsstaður	Kringlan 4-12, 103 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Guðný Sigríður Bjarnadóttir
Eftirlitsmaður	Ísak Sigurjón Bragason
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Guðný Sigríður Bragadóttir

### SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með ódýru skarti hjá verslun Vila í Kringlunni þann 22. desember 2020. Ein vara var valin af handahófi og rannsakað hvort að hún innihaldi blý og ef svo hvort magn blýsins væri innan leyfilegra marka, sbr. reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Varan inniheldur blý en styrkurinn reyndist innan leyfilegra marka.

### MERKING HUGTAKA

Merking eftirfarandi hugtaka sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

**Markaðssetning:** Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning.

**Parts per billion (ppb):** Billjónasti hluti. Notað til að lýsa styrk og er hlutfall á milli þyngdar efnisins og heildarþyngd ( $\mu\text{g}/\text{kg}$ ).

**REACH:** Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)<sup>1</sup>.

<sup>1</sup> Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar:  
<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

**Skart:** Bæði ekta og óekta skart og hárskraut, þ.m.t. armbönd, hálsmen, hringir, skart notað við húðgatanir, armbandsúr, ermahnappar, nælur og sérhver hluti sem búin til er úr efnum sem notað er í skartgripagerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 22.12.2020, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með tilteknum takmörkunum í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að rannsaka blýinnihald í ódýru/óekta skarti, en skv. 63. færslu XVII. viðauka við REACH skal ekki setja á markað skart, þ.m.t. óekta skart, ef styrkur blýs í þeim eða einstökum hlutum þeirra er 0,05% eða meiri miðað við þyngd.

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalin vara sem féll undir umfang eftirlitsins var skoðuð:

Vara	Strikamerki
Hringur	5714917755896 (style no. 17110022)

Um er að ræða silfraðan hring og mældist blýstyrkur í honum 168,78 ppb en vegna einsleitnis hans var einungis framkvæmd ein mæling. Þar sem styrkurinn er undir 0,05% af heildarþyngd hringsins eru engin frávik tilgreind.

## ÁBENDINGAR

Í þessu eftirliti var eingöngu rannsakaður styrkur blýs. Vert er að benda á aðrar takmarkanir sem gilda, s.s. að óheimilt er að setja á markað skartgrip ef styrkur kadmíum í honum er 0,01% eða meiri miðað við þyngd, sbr. 23. færslu XVII. viðauka við REACH.

Athuga skal að nýjar takmarkanir á efnum bætast reglulega við reglugerð REACH en þeir sem setja vörur á markað hér á landi bera ábyrgð á að markaðssetningin sé í samræmi við þær reglur sem eru í gildi hverju sinni, sbr. 2. mgr. 23. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reykjavík, 29. mars 2021

---

Bergdís Björk Bæringsdóttir